

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/2166
komudagur 16.5.2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

B/t Helgu E. Þórisdóttur
nefndarritara.

Reykjavík, 8. maí 2002

Undirrituðum hefur borist bréf yðar, stílað á Þórsbrunn hf., Skúlagötu 17, Reykjavík, þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins á þingsályktunartillögu nr. 679 um neysluvatn, sem nú er í mótun.

Þar sem rekstur vatnsátöppunar- og útflutningsfyrirtækisins Þórsbrunn hf., hefur nú verið tekinn yfir af fyrirtækinu Catco hf, sem er í eigu Ölgerðar Egils Skallagrímssonar hf., óskar undirritaður eftir að færa fram eftirfarandi athugasemdir f.h. nýrra eigenda.

Fyrir framleiðendur hágæða vatns eins og keppt er að hjá fyrirtækinu undir merkjum Iceland Spring – Natural Icelandic Spring Water, er ákaflega brýnt að ekkert sé tilsparað til verndunar þeirrar auðlindar, sem tilvist fyrirtækisins grundvallast á. Þessvegna viljum við undirritaðir lýsa stuðningi okkar og ánægju með framkomna tillögu Umhverfisnefndar.

Þessi viðhorf eiga að sjálfsögðu ekki síður við gagnvart varðveislu neysluvatnssvæðis höfuðborgarsvæðisins, Gvendarbrunna og Heiðmerkur, þar sem mikið magn af heilnæmu og fersku vatni flæðir fram. Auðlind sem skilgreina má sem lífæð og fjöregg, eitthundraðþúsund manna byggðar.

Við undirritaðir óskum eftir að gera það að tillögu okkar að í samþykktum til ríkisstjórnarinnar verði bætt við á eftir lið (b) málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnáslunni „***að þar á eftir komi bein fyrirmæli og lög sem kvæðu á um umræður og heildarstefnumótun gagnvart varðveislu vatnsbóla, sem verði alfarið í höndum Alþingis***”

Ástæðan fyrir þessu er sú að við höfum lengi verið áhyggjufullir vegna vaxandi umferðar á vatnsverndarsvæðunum ofan Reykjavíkur. Þetta á ekki síst við gagnvart þeirri uppbyggingu sem orðið hefur á skíðasvæðum Reykvíkinga í Bláfjöllum og umferð vélknúinna farartækja sem henni fylgir.

Við erum þeirrar skoðunar að til langs tíma litið, sé mikil áhætta fylgjandi frekari uppbygging á útivistarsvæðum höfuðborgarsvæðisins á Bláfjöllum, með tilliti til þeirra hagsmuna sem eru í húfi fyrir téð vatnsverndarsvæði.

Þessvegna teljum við nauðsynlegt að heildarstefnumótun þessa málaflökks sé í höndum Alþingis, en ekki einstakra sveitarfélaga. Á þann hátt einan verður að álykta að hagsmunir heildarinnar séu líklegri til að ráða ferðinni.

Þessvegna teljum við nauðsynlegt að heildarstefnumótun þessa málaflokks sé í höndum Alþingis, en ekki einstakra sveitarfélaga. Á þann hátt einan verður að álykta að hagsmunir heildarinnar séu líklegri til að ráða ferðinni.

Varðandi viljum við gera eftirtalin atriði að tillögu sinni:

- 1) Að mótaðar verði mjög ákveðnar reglur um eftirlit með svæðinu. Reglur sem eftir atvikum gætu falið í sér takmörkun á almennri umferð um svæðið.
- 2) Að sem fyrst verði teknar ákvarðanir um strangar takmarkanir á uppbyggingu skíðamannvirkja á svæðinu.


Þessar tillögur byggjast fyrst og fremst á þeirri almennu vitneskju sem fyrir hendi er um skelfilegar afleiðingar þess, þegar olía eða önnur mengandi efni hafa komist í vantsból í tiltölulega mjög litlu magni, en hafa valdið gífurlegu tjóni.

Hjálagt þessu bréfi er uppkast af bréfi sem gæðastjóri fyrirtækisins skrifaði í fyrravor eftir að hafa persónulega orðið vitni af slæmri umgengni við lyftur á skíðasvæði Reykvíkinga í Bláfjöllum.

Núverandi forráðamenn Catco - Iceland Spring, eru mjög áhugasamir um mótun þingsályktunartillögunnar og vildu gjarnan fylgjast með þróun mála ef kostur er.

Virðingarfyllst,

Catco – Iceland Spring


Sigurður R. Þórðarson gæðastjóri



Borgarstjóri Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur.

Fr. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Reykjavík, 8. júní 2001

Varðar: Vatnsverndarsvæði Reykjavíkurborgar og umgengni á
skíðasvæði borgarinnar í Bláfjöllum.

Sunnudaginn 8. apríl s.l. var starfsmaður Þórsbrunnns hf., sem sér um gæðamál fyrirtækisins á skíðum í Bláfjöllum. Þessi ferð var í alla staði ánægjuleg í góðu skíðfæri og veðri. Þó bar einn alvarlegan skugga á ánægjustundir þessa dags, þegar hann varð vitni að því hvernig smurólía flæddi á nýfallinn snjóinn undir toglyftu á svæði Ármanns næst við stólalyftuna í Suðurgili.

Viðkomandi starfsmaður Þórsbrunnns hf., gerði sér strax grein fyrir því að sóðaskapur á þessu svæði, sem er í fárra tuga kílómetra fjarlægð fyrir ofan vatnsverndarsvæði Reykjavíkurborgar í Heiðmörk og Gvendarbrunnum, gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Olíumengun í vatni, sem pakkað er og flutt út sem hágæðavara, gæti í einni svipan rústað markaðsstarfi sem unnið hefur verið að, í meir en áratug. Það gæti líka gert að engu uppbyggingu framleiðslufyrirtækis sem nú þegar hafa verið lagðir miklir fjármunir. Sama á við um gæði þess vatns sem flæðir um nánast öll veitukerfi á stór Reykjavíkur svæðinu, sem varðar hvorki meina né minna en hollustu neysluvatns og heilsu meirihluta þjóðarinnar.

Strax næsta dag ver atvikið tilkynnt Guðmundi Jónssyni hjá Orkuveitu Reykjavíkur, sem sá um að koma upplýsingunum rétta boðleið til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Það má vel vera að þetta einstaka dæmi, muni eitt sér ekki geta spillt vatnsbólum Reykvíkinga til frambúðar. Hinsvegar sé miðað við fjölda þeirra skíðalyfta sem nú þegar eru starfræktar á Bláfjallasvæðinu og þá umferð fólks á jeppum, snjósleðum og öðrum farartækjum, má gera því skóna að fleiri slík slys hafi og muni geta átt sér stað. T.d. býður akstur utan vega upp á hættu á bílveltum og að olíupönnur bíla rekist niður og olía flæði ofan í svörðinn.

Það er útilokað að þeir sem þetta mál varðar, sem eru væntanlega fyrst og fremst yfirmenn sveitastjórna á höfuðborgarsvæðinu, heilbrigðisyfirvöld og eftirlitsstofnanir hollustu- og heilbrigðismála í landinu, geti látið þetta alvarlega málefni afskiptalaust.

Við undirritaðir skorum á viðkomandi, að bregðast skjótt við í þeim tilgangi að gripið verði til sem víðtækastra varúðarráðstafana t. d. með takmörkun umferðar utan vega á Bláfjallasvæðinu. Þá teljum við að nauðsyn beri til gagngerar endurskoðunar starfsleyfa þeirra fyrirtækja sem sjá um rekstur skíðasvæðanna. Í þeim yrði krafist mjög víðtækra varúðarráðstafna og umgengnisreglna, t.d. eins og að komið yrði fyrir oliugildrum við lyftumótora o.s.frv.

Þar sem við untirritaðir teljum okkur eiga mjög brýnna erinda að gæta í þessu máli, óskum við eftir að þetta bréf fái faglega meðferð. Þ.e. að um málið verði fjallað af þar til bærum aðilum og að sýnt verði fram á að leitað verði úrbóta. Við óskum sömuleiðis eftir að fá að fylgjast með framvindu þess, og mundum gjarnan vilja vera með í umræðum og ákvarðanatöku varðandi þetta mál.

Eins og áður er vikið að í þessu bréfi, virðist þetta mál varða fjölda stofnanna og yfirvöld sveitarfélaga. Þessvegna tökum við okkur leyfi, til að senda afrit bréfsins til þeirra neðangreindra aðila sem að okkar mati þurfa að koma að þessu máli.

Virðingarfyllt,

Þórsbrunnur hf.

Sigurður R. Þórðarson

Aafrit sent: Heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar
Hollustuvernd ríkisins
Orkuveita Reykjavíkur
Lögreglustjórinn í Reykjavík